



ÍÞRÓTTABANDALAG REYKJAVÍKUR

Reykjavíkurborg

Reykjavík 1. október 2018

Efni: Ráðstefna um íþróttir og ofbeldi.

Á undanförnum mánuðum hefur á vegum Íþróttabandalags Reykjavíkur verið unnið að þróun hugmyndar um að halda ráðstefnu um ofbeldi í íþróttum. Hugmyndin kemur úr ranni hóps sem sótti ráðstefnuna „Safe Sport“ í Madrid í apríl s.l. og gengur m.a. út á að fá nokkra þeirra sem töluðu þar, ásamt íslenskum fyrirlesurum til að taka þátt í svipaðri ráðstefnu fyrir íslenskt íþrótttaumhverfi.

Við höfum rætt við fulltrúa Mennta- og menningarmálaráðuneytis, Reykjavíkurborgar, Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands og Ungmennafélags Íslands um að koma að verkefninu bæði faglega sem og með fjárfram lagi. Viðtökur hafa verið mjög jákvæðar og við metum það svo að það sé grundvöllur til að ná samstöðu um að gera þetta að veruleika. Við höfum því sett stefnuna á að ráðstefnan verði 31. janúar og 1. febrúar 2019.

Gert er ráð fyrir að kostnaður við ráðstefnuna verði um 6 milljónir króna og er meðfygjandi drög að kostnaðaráætlun.

Hvað varðar faglega þáttinn þá óskum við eftir fulltrúa frá ykkur í faghóp sem verður bakland fyrir þá sem koma að vinnu við verkefnið. Hugmyndin er að þessi hópur hittist á fyrsta undirbúningsfundin miðvikudaginn 24. október n.k á skrifstofu ÍBR að Engjavegi 6 í Laugardal. Vinsamlegast tilkynnið nafn fulltrúa til Jónu Hildar Bjarnadóttur, jona@ibr.is fyrir 22. október. Hún svarar einnig spurningum ef einhverjar eru.

Með von um jákvæðar undirtektir.

Virðingafyllst,

f.h. Íþróttabandalags Reykjavíkur


Frímann Ari Ferdinandsson

Framkvæmdastjóri

Samrit:

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

ÍSÍ

UMFÍ

Kostnaðaráætlun – Íþróttir og ofbeldi - Drög:

Erlendir gestir	1.700.000
Veitingar í hléum	150.000
Ráðstefnugögn	250.000
Laun starfsmanna	1.200.000
Kynning	500.000
Upptökur/eftirvinnsla	500.000
Framleiðsla á efni og keyrsla á samfélagsmiðlum eftir ráðstefnu	1.500.000
Ófyrirséð	<u>200.000</u>
Samtals	<u>6.000.000</u>